

dags og 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Að öðru leyti skal stefndur vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 6/1949.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

gegn

Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f.

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.**

Skaðabótakrafa á hendur ríkissjóði út af dómaraverki héraðsdómara. Málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. janúar 1949, sem hingað barst 2. þessa mánaðar, hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði borgardómara Reykjavíkur, upp kveðnum 22. janúar síðastl., þar sem kröfu um vísan málsins: Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs — frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja, Þórhallur Þorgilsson, og málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, verði dæmdir í réttarfarssækt.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málsatvikum er réttilega lýst í hinum kærða úrskurði.

Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hlýtur að byggjast á mati á þeim verkum. Verður slík úrlausn ekki fengin með málsókn gegn ríkissjóði í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Bar héraðsdómaranum því að vísa máli þessu frá dómi.

Ekki þykja efni til að taka kröfu sóknaraðilja um réttarfarssekt á hendur fyrirsvarsmanni varnaraðilja og lögmanni hans til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og vísast máli þessu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. jan. 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. þ. m., er höfðað með stefnu, út gefinni 9. nóvember sl. af Þórhalli Þorgilssyni f. h. Trans-Ocean vöru- og skipamiðlunar h/f hér í bæ gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1092.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 18. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með stefnu, út gefinni 30. október 1944, höfðaði stefnandi máls þessa mál gegn Garðari heitnum Þorsteinssyni hrl. til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3223.27, auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Var krafa þessi risin af viðskiptum aðiljanna í sambandi við sölu ísvarins fisks til Englands.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fram í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. júní 1946 og dómur kveðinn upp hinn 11. júlí sama ár með þeim úrslitum, að stefndur var dæmdur til greiðslu kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Stefndur skaut dóminum til Hæstaréttar, en stefnandi gagnáfrýjaði. Dómur féll í Hæstarétti hinn 18. maí sl. á þá leið, að dómur bæjarþingsins var ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Um ástæðu þessara úrslita segir svo í hæstaréttardóminum:

„Það er viðurkennt, að við munnlegan málflutning á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1946 var sú málsástæða borin fram af hálfu gagnáfrýjanda, að hann hefði ekki verið umboðsmaður Garðars heitins Þorsteinssonar við

fiskkaup þau, sem málið er af risið, heldur miðlari, og taldi gagnáfrýjandi því, að gagnkröfur Garðars í málinu væru sér óviðkomandi. Þessari málsástæðu var ekki mótmælt sem of seint fram kominni af stefnda í héraði, en héraðsdómari hefur gengið fram hjá henni án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í bága við ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.“

Áfrýjunin leiddi því eigi til úrlausnar efnishliðar málsins. Fyrir vinnu sína við hæstaréttarmál þetta hefur umboðsmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, fengið greiddar hjá stefnanda kr. 1000.00, og útlögð gjöld við hæstaréttarmálið voru kr. 92.00. Þessar upphæðir samanlagðar eru dómkrafa þessa máls, og er því haldið fram af stefnanda hálfu, að ríkissjóður beri ábyrgð á þessu tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir af dómaraverki héraðsdómarans. Stefnur hefur aðallega krafist frávisunar málsins frá bæjarþinginu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans. Jafnframt hefur hann krafist þess, að ef frávisunarkrafan verði tekin til greina, vegna þess að Þórhallur Þorgilsson bókavörður hafi eigi haft heimild til höfðunar máls þessa fyrir félagsins hönd, þá verði hann sektaður samkvæmt 188. gr., 2. tl., einkamálalaga. Verði hins vegar frávisunarkrafan tekin til greina, sökum þess að talið verði, að hér sé raunverulega á ferðinni skaðabótamál, sem samkvæmt 34. gr. einkamálalaga verði ekki rekið fyrir héraðsdómi, krefst stefnur þess, að stjórn Trans-Ocean vöru- og skipamiðlunar h/f, þeir Páll Melsted stórkaupmaður, Freyjugötu 42, Kjartan Thors útgerðarmaður, Laufásvegi 70, og Magnús Víglundsson stórkaupmaður, Garðastræti 37, verði sektuð samkvæmt 188. gr., 2. mgr. (sic), einkamálalaganna. Hvernig sem fer um frávisunarkröfuna, krefst stefnur þess, að umboðsmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, verði sektaður samkvæmt ákvæðum 188. gr., 5. mgr. (sic), einkamálalaganna.

Stefnandi krefst þess, að kröfunni um frávisun verði hrundið og stefnur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómarans, að því er þenna hluta málsins varðar. Enn fremur mótmælir hann öllum framkomnum sektarkröfum.

Frávisunarkröfuna reisir stefnur fyrst og fremst á þeim rökum, að Þórhallur Þorgilsson hafi ekki haft heimild til að höfða mál þetta fyrir félagsins hönd. Hann sé aðeins prókúruhafi, en í því felist ekki heimild til að fara í mál fyrir félagsins hönd. Upplýst er, að Þórhallur er einn meðal stofnenda félagsins og hefur verið framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi frá upphafi, en félagið var skrásett í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 11. maí 1940. Í 25. gr. laga nr. 42/1903 segir, að prókúruhafi hafi vald til fyrir umbjóðanda sinn að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað, en eigi megi hann þó selja eða veðsetja fasteign hans, nema hann hafi til þess beint umboð. Af þessu ákvæði virðist leiða, að prókúruhafi hafi vald til þess að fara í mál fyrir hönd umbjóðanda síns til innheimtu skulda og til að fá úrlausn dómstóla um kröfur þær, er af atvinnurekstr-

inum rísa. Sú krafa, sem stefnandi hefur uppi í þessu máli, á rót sína í atvinnurekstri umbjóðanda hans, og verður frávísunarkrafan eigi tekin til greina á þeim grundvelli, að Þórhalli Þorgilssyni hafi sem prókúruhafa verið óheimilt að höfða málið. Önnur ástæða, sem stefndur reisir frávísunarkröfuna á, er sú, að um dulbúið skaðabótamál sé að ræða vegna tjóns þess, sem dómari sé talinn hafa valdið í starfi sínu, en slík mál verði eigi rekin fyrir héraðsdómi, sbr. 34. gr. einkamálalaganna, enda óviðeigandi, að dómari dæmi um verk hliðsetts dómara.

Ljóst er, að hefði dómaranum í áðurnefndu máli verið stefnt fyrir héraðsdóm til greiðslu skaðabóta vegna ágalla þess á dómi sínum, sem olli ómerkingu hans, hefði borið að vísa því máli frá skv. 34. gr. einkamálalaganna. Í máli því, sem hér liggur fyrir, er dómaranum hins vegar ekki stefnt, heldur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og þykir það eigi geta valdið frávísun málsins, þó að krafan, sem dóms er krafizt um, sé risin af ágalla þeim, sem á dóminum var og ómerkingunni olli. Virðist þungamiðja málsins vera sú, hvort ríkissjóður sé skaðabótaskyldur fyrir það tjón, sem ágalli dómsins, sem ómerkingunni olli, hefur valdið. Verður eigi séð, að mál um þetta efni eigi að fara eftir sérreglu 34. gr. einkamálalaganna. Þar sem frávísunarkrafan verður ekki tekin til greina, eru kröfur stefnds um sektir á hendur Þórhalli Þorgilssyni og Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f fallnar um sjálfar sig.

Stefndur hefur krafizt þess, að lögmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, verði sektaður skv. ákvæðum 5. mgr. 188. gr. einkamálalaganna fyrir ósæmileg ummæli um héraðsdómarann í máli því, sem ómerkt var í Hæstarétti og áður er getið. Verður að telja, að stefndur eigi í stað 5. mgr. 188. gr. við 5. tölulið greinarinnar. Hann telur það vera ósæmileg ummæli, sem refsar beri fyrir, sem standa í greinargerð stefnanda, að Hæstiréttur hafi ómerkt dóminn vegna þeirra „dómsafglapa“, að gengið hafi verið fram hjá meginmálsástæðu umbjóðanda síns án þess að dæma hana. Enn fremur telur stefndur sektavert að drótta því að dómara, eins og enn fremur segir í greinargerð stefnanda, að hann hafi verið búinn að gleyma munnlegum flutningi málsins, þegar hann dæmdi það.

Stefnandi heldur því fram, að orðið „dómsafglöp“ í greinargerðinni beri alls ekki að skilja sem skammaryrði í garð dómarsins, því að sér hafi ekki komið til hugar að sveigja þannig að honum, og hann heldur því einnig fram, að góðgjarnasta skýringin á þeim galla dómsins, sem olli ómerkingunni, sé sú, að dómari hafi á þeim — eftir atvikum langa — tíma, sem leið frá munnlegum flutningi málsins til dómsuppsögu, gleymt munnlega flutningnum, að því er varðaði þá málsástæðu, sem hann tók eigi afstöðu til í dómnum og ómerkingunni olli.

Dómsafglöp er mjög viðtækt orð, getur átt við ýmsa galla í störfum dómara, stóra og smáa. Getur rétturinn eigi séð, að umboðsmaður stefnanda hafi notað orð þetta í greinargerðinni þannig, að refsivert sé, og eigi þykir það heldur eiga að varða refsingu, þó að umboðsmaður stefnanda nefni þann möguleika, að gleymaska dómarsins hafi valdið galla dómsins.

Verður því sektarkrafan á hendur umboðsmanni stefnanda eigi tekin til greina.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Valdimar Stefánsson, setudómari í máli þessu, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þórhallur Þorgilsson, Páll Melsted, Kjartan Thors, Magnús Viglundsson og Magnús Thorlacius skulu vera sýknir af kröfum stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um sektir á hendur þeim.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Nr. 84/1947. **Bogi Brynjólfsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Dánarbúi Árna Sigfússonar

(Gústaf A. Sveinsson).

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1947.

Stefndi hefur gert aðallega þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Áfrýjandi hefur aðallega krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum hluta málsins fyrir Hæstarétti.

Hefur þetta atriði verið sótt og varið sérstaklega fyrir Hæstarétti samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935 um Hæstarétt.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun á því, að umboðsmaður áfrýjanda hafi án samráðs við sig gert útdrátt til afnota við flutning málsins í Hæstarétti. Hafi umboðsmaður áfrýjanda við ágripsgerð þessa gengið fram hjá fjölda skjala,